

Starfsskýrsla Fossár skógræktarfélags fyrir árið 2010-2011

Fossá, skógræktarfélag er í eigu fjögurra skógræktarféлага á höfuðborgarsvæðinu: Skógræktarfélags Kópavogs, Kjalarness, Kjósarsýslu og Mosfellsbæjar. Hefur svo verið um nokkurra ára skeið að félagið er rekið sem sjálfstæð eining, fjárhagslega óháð starfssemi eignarfélaganna. Aðalstjórn Fossáfélagsins skipa: Eiríkur Páll Eiríksson formaður, Kópavogi, Sigríður Elefsen, Kópavogi, Hafdís Huld Þórolfsdóttir, Kópavogi; Elísabet Kristjánsdóttir, Mosfellsbæ; Guðni Indriðason, Kjalarnesi og Snorri Hilmarsson, Kjósarhreppi. Varamenn eru virkir í stjórninni og eru þeir jafnmargir aðalmönnum. Lilja Guðmundsdóttir lét af starfi gjaldkera á liðnu ári og við tók Guðni Indriðason úr varastjórn. eru Lilju færðar þakkir fyrir mikil og góð störf í þágu félagsins.

Eitt vil ég nefna í upphafi þessarar skýrslu, vinna sú sem þarf að inna af höndum á Fossá mæðir á æ færri höndum, það eru einkum stjórnarmenn og fólk þeim tengt sem vinnur verkin. Líklega verður ekki aftur snúið til þess tíma þegar skógrækt var ólaunuð hugsjónavinna, til þess er starf félaganna orðið og yfirgripsmikið. En það er brýnt fyrir skógræktarstarfið í landinu að afla nýrra félaga.

Starfið á Fossá hefur verið umtalsvert síðastliðið ár. Hér á eftir verður gerð grein fyrir því helsta.

Á hefðbundnu vinnukvöldi félagsmanna í júní var sett niður talsvert af plöntum í jólatrjáaakra á Fossá en þeir höfðu verið sérstaklega undirbúnir fyrir útplöntunina. Á vinnudegi í september var tíminn notaður til að velja torgtré fyrir Kópavogsbæ og tókst valið vel að mati flestra. Það er tímafrekt að velja trén en borgar sig að velja trén talsvert áður en þau eru felld, þá er hægt að ganga að þeim trjám vísnum sem fella á í hinum skamma birtutíma eftir miðjan nóvember. Félagar úr skógræktarfélagunum sem eiga Fossá komu svo saman um miðjan nóvember og felldu um 10 torgtré sem sett voru upp mest í Hamraborginni í Kópavogi. Þetta eru talsvert færri tré en oft áður og ber aðhaldi í rekstri og sparnaði vitni. Fáeinir aðrir kaupendur fá einnig stór tré frá Fossá. Þetta er félaginu mikilsverður tekjustofn.

Þá er þess að geta að plöntun í jólatrjáaakra var undirbúin sem fyrr með því að úða round up á fyrirhuguð útplöntunarsvæði. Er úðað í byrjun júní og virtist allt síðastliðið ár sem plönturnar þrífust vel, lausar við samkeppni annarra jurta um næringuna. Það er með nokkrum spenningi sem við bíðum vors og sumars til að sjá svart á hvítu hvernig til hefur tekist. Félagar í Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar settu niður plöntur í jólatrjáaakra að þessu sinni síðsumars og gáfu áburð á plönturnar. Talsverð umræða hefur verið upp á síðkastið um ræktun jólatrjáa í sérstökum jólatrjáaökum og er fróðlegt að fylgjast með henni. Við höfum sett niður plöntur í gömul tún að Fossá síðastliðin ár en árangur okkar hefur verið misjafn svo ekki sé meira sagt. Við bindum því talsverðar vonir við að aukin umræða og fræðsla skili okkur betri árangri og styðjum heilshugar átakið til að efla hlutdeild íslenskra trjáa á jólatrjáamarkaði.

Árlega eru settar niður a.m.k. 10.000 plöntur á vegum félaganna sem standa að Fossá. Oft hefur Fossáfélagið notið liðsinnis vinnuflokks frá Landsvirkjun til margvíslegra verkefna við gróðursetningu og önnur brýn störf í landi Fossár. Af ýmsum ástæðum má búast við að færri plöntur verði settar niður að Fossá í ár en á umliðnum árum. Bæði er það að ekki er lengur í boði sá unglingafjöldi sem starfað hefur að gróðursetningu að Fossá. Svo er hitt að sneggjast fer um óplöntuð landsvæði og brýnna að huga að áburðargjöf og grisjun á þeim svæðum sem þegar hefur verið plantað í en gróðursetningu. Í ár hefur verið áætlað að setja niður um 4500 plöntur að Fossá.

Haldið var áfram endurbótum á aðkomunni að Fossá. Gengið var frá fallegu og áberandi aðkomuhlíði við rörahlíðið til að gera aðkomuna aðlaðandi eða til að staðfesta að eftir einhverju sé að slægjast fyrir gest og gangandi að Fossá. Tvær fánastengur prýða nú aðkomuna á steinum úr Fossálandi. Sett var slitlag á rúttustæðið innan aðkomuhliðs sem kom sér vel í jólatréssölunni og vegurinn að brekkunni og upp brekkuna að bæjarhúsunum að Fossá var sömuleiðis lagður hörpuðu malarslitlagi. Vegkantar á aðkomunni voru jafnaðir og þaktir með lyngþökum og fékk þá svæðið á sig mótaðan og fullkláraðan svip. Þá voru malbornir stígar að 3 garðborðum og væntanlegu grilli sem afkomendur Ólafs Jónssonar frv. bæjarfulltrúa í Kópavogi og Ástu konu hans hafa gefið félaginu. Því hefur verið valinn staður á fögrum stað í rjóðri og jöfnuð flöt undir það. Hillir nú loks undir að grillinu verði komið fyrir.

Vegurinn austan ár að Fossá var endurnýjaður upp að sumarhúsunum sem þar eru. Er nú kominn greiðfær vegur hálfa leiðina fram á dal austan ár. Sumarhúsaeygendur stóðu fyrir þessari endurnýjun í samstarfi við vegagerðina en félagið lagði til efni og greiddi sinn hlut í kostnaði eins og gengur. Framundan er að ljúka við endurbætur á veginum fram á dalinn og eins að styðja við bakið á Foreldrafélagi einstakra barna við endurbætur á aðkomu að bústað þess félags í landi Fossár austan ár.

Þá er að geta þess að stígurinn í Fossárskógi var veruleg endurbættur síðastliðið haust. voru grafnir skurðir þar sem vatnsagi spillti stígnum og sett a. m. k. ein 10 ræsi til að veita vatni burt frá stígnum. Verður nú greiðfært fyrir gest og gangandi um Fossáhlíð og aukast möguleikar á að koma bíl eða öðrum tækjum greiðlega um hlíðina. Þá hefur félagið eignast svera trjáboli sem féllu til við grisjun í garði í Kópavogi og látið fletta þeim í sundur og er ætlunin að nota þá sem sæti í rjóðrum og lundum skógarins sem og við stíginn sem liggur nú frá aðkomu og um alla Fossáhlíð.

Í upphafi liðins árs var mikið af grisjunarviði í skóginum. Það kom í hlut félagsins að koma þeim við á brott. Almennt má segja um þetta verkefni að það varð félagi okkar tímafrekara og miklum mun kostnaðarsamara en gefinn hafði verið ádráttur um. Félagið varð að skaffa vinnuafli til verksins og fá verktaka til liðs við sig. Kostnaður varð umtalsverður og verð fyrir grisjunarviðinn stóð engan veginn undir þeim kostnaði sem af hlaust. Engu að síður er það þannig að mótbyr eflir til nýrra dáða. Við höfum eignast nýja tekjustofna bæði með sölu á grisjunarviði og eins getum við selt lifandi

plöntur sem verða að víkja vegna starfsemi okkar á svæðinu eða vegna þess að þéttleiki þeirra spillir vexti og framgangi þeirra, engum til gagns og gleði.

Jólatréssala í desember var eins og undanfarin ár, kannski öfluðum við ívið meiri tekna en oft áður. Þetta er talsverð vinna sem leggst á fáa 3 helgar í röð með öðrum jólaönnum, fleiri mættu gefa sér tíma til að koma að þessari fjáröflunarleið félagsins sem og annarri starfsemi. Afrakstur jólatréssölunnar má sjá í ársreikningi félagsins. Jólatréssalan er eini sæmilega tryggri tekjustofn félagsins en félagið mætir víða velvild varðandi styrki og skulu Vegagerðinni, Landgræðslusjóði, Landsvirkjun, Vinnuskóla Kópavogs og garðyrkjustjóra Kópavogs, Friðriki Baldurssyni, fluttar þakkir fyrir velvild í garð félagsins. Sérstaklega hefur vegagerðin verið okkur haukur í horni síðastliðin ár vegna öflugs og ómetanlegs stuðnings við vegabætur við aðkomuna að Fossá.

Framundan er auk hefðbundinna vorverka við plöntun, úðun, girðingarvinnu og verkfæraviðhald að halda áfram að endurbæta veg austan við Fossá frá sumarbústöðum sem þar eru fram á dalinn. Að því loknu verður kominn frambærilegur vegur austan Fossár yfir erfiðasta hjallann fram á hinn gullfallega og gróðursæla, berjaríka og blómstrandi Fossárdal. Í næstu framkvæmdahrinu verður einnig lagfærður vegur upp svokallað klif austan bæjarhúsanna á Fossá. Sá vegur var lagfærður og undirbyggður fyrir tveimur árum. Nú er nokkuð auðvelt að koma plöntum hvort sem er upp á fjallið eða fram á dal vestan ár en nú þarf að bera slitlag á þennan veg og gera snúningspláss uppi á klifinu því að næstu jólatrjáátökusvæði eru þar skammt ofan við og það eru framtíðarplön að koma göngubrú á Fossána fram á dal og tengja þannig saman skógræktar- og útivistarsvæðin beggja megin Fossárinnar. Þá er það eitt brýnasta verkefnið framundan að kurla í stíginn í Fossárhlið. Eftir lagfæringar á stígunum er hægt að fara með traktor og kurlara um stíginn og þá opnast möguleiki á að kurla í stíginn og slá tvær flugur í einu höggi bæði grisja í kurlarann og sinna brýnni tiltekt á svæðinu eftir framkvæmdir liðinna ára og jólatréssöluna. Þá erum við í félaginu að gæla við hugmyndir um endurbætur á húsinu að Fossá en það er ekki tímabært að greina frá þeim að svo komnu máli. Það eru þannig mörg spennandi verkefni framundan.

Ég vil enda þetta spjall um starfið á að hvetja ykkur, góðir fundarmenn, til að taka þátt í starfi félagsins. Skógurinn grær þessi árin sem aldrei fyrr og unnið er að því eftir efnum og aðstæðum hverju sinni að móta landið þannig að það verði sem best fallið til útivistar. Því starfi hef ég reynt að lýsa hér að framan. Sú ánægjulegu tíðindi bárust okkur á dögnum að Fossá og gönguleiðum þar eru gerð skil í nýrri bók Reynis Ingibergssonar um Kjósina og útivistarmöguleika þar. Félögum mínum í stjórn Fossár skógræktarfélags færi ég þakkar fyrir samstarfið á liðnu ári og öllum þeim sem komið hafa að starfseminni að Fossá.

Eiríkur Páll Eiríksson, formaður Fossár skógræktarfélags